

Ed.

582. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur sent Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands frv. til umsagnar og rætt og athugað frv., greinargerð þess og bréf fyrrnefndra aðila á nokkrum fundum, svo og bréf, er nefndinni barst frá Apotekarafélagi Íslands. Verður skýrt frá athugasemdum þessara aðila í framsögu.

Nefndarmenn eru samnála um, að réttmætt og nauðsynlegt sé að hækka slysa-bætur, eins og gert er ráð fyrir í frv., og að lífeyrisgreiðslur verði upp teknar í stað bótagreiðslu í einu lagi til barna og öryrkja, svo og, að breytingar þær, sem lagt er til, að gerðar verði á sjúkratryggingunum, séu í öllum höfuðatriðum til bóta og rýri ekki fjárhagsöryggi samlaganna, þegar tillit er tekið til breytinga þeirra, sem Alþingi hefur þegar gert á lögnum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuþla.

Tveir nefndarmenn (BBen og LJóh) taka fram, að þar sem flokkur þeirra hafi ekki átt fulltrúa í milliþinganevnd þeirri, sem samdi frv., hafi þeir ekki haft aðstöðu til að kynna sér til hlítar einstök atriði þess og hefðu því talið heppilegra að fresta afgreiðslu þess til næsta þings, enda þótt þeir fallist á að mæla með frv. í heild. Leggja þeir áherzlu á, að bætt verði úr fyrrgreindum galla á skipun milliþinganevndarinnar, áður en hún heldur áfram störfum sínum. Jafnframt áskilja þeir sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv. Sama rétt áskilja aðrir nefndarmenn sér einnig, sem og til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt, en ber fram á þskj. 591 nokkrar breytingartillögur, sem grein verður gerð fyrir við framsögu.

Alþingi, 30. nóv. 1943.

H. Guðmundsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Bjarni Benediktsson.
Hermann Jónasson.	Brynjólfur Bjarnason.	